

Hafnarfirði, 24. október 2003.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/27
komudagur 27.10.2003

Með bréfi, dags. 15. þ.m., var óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, 88. mál.


Frumvarpið er þess efnis að ekki er tilefni til itarlegrar umsagnar með tilliti til skattframkvæmdar. Ég ætla einungis að víkja að 10. gr. frumvarpsins og gildistöku þess í 13. gr.

Í fyrsta lagi þarf að vera ljóst að ríkisskattstjóri hafi heimild til þess að víkja frá framtals- og skattlagningarstað þó að lagt hafi verið á í lögheimilissveitarfélagi. Ástæða þessa er sú að við álagningu liggur að jafnaði ekki fyrir hvort þörf sé á að nýta heimildina. Hana þarf að vera unnt að nýta þegar ráðrúm gefst til að athuga mál nánar eftir lok álagningar en sökum tímaskorts fer megin málavinnsla ekki fram fyrir en þá. Þá er einnig sýnt að þörfin fyrir heimildina mun að jafnaði ekki koma í ljós fyrir en við skoðun lögaðilaframtala en þá er álagningu á einstaklinga lokið.

Í öðru lagi þarf að vera skýrt að skattstjóra sé heimilt, þegar hann fer með mál skattaðila sem á lögheimili utan skattumdæmisins, að taka á öllum þáttum máls hans en ekki einungis þeim sem beinlínis eru taldir upp í 10. gr. Annars þyrfti aðkomu tveggja skattstjóra til þess að ljúka málum gagnvart gjaldandanum sem yrði afar óhönduglegt bæði fyrir hann og skattyfirvöld.

Í þriðja lagi þarf að kveða skýrar á um það að breyting þessi taki gildi gagnvart skattframtölum 2004 og síðar. Annars er hættu á að gildistakan teljist fyrst taka til skattframtals 2005.

Virðingarfyllst,
skattstjórinn í Reykjanesumdæmi,


Sigmundur Stefánsson.